



Febrúar 2021

isländisch

Ég sakfelli þig ekki heldur.

(Jh 8,11)

**Sakfellið ekki!
Don't judge!**

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Kæru vinir orðsins,

hún var ung og ástfangin. Auðvitað vildu hún og kærasti hennar eyða tíma saman. Allt þetta gerðist þrátt fyrir og fyrir utan við hjónabandið. Hún var gripin glóðvolg af fræðimönnum og faríseum. Þeir drógu konuna fram fyrir Jesú sem var að kenna á musterissvæðinu. Nú var þetta spurning um líf eða dauða.

Lög Gyðinga kröfðust dauða með grýtingu í slíku tilfelli. Hún stóð þarna full af ótta – upp á náð þeirra og miskunn komin. Myndi Jesús standa með henni og ganga þar með gegn lögnum? Þá yrði hann sakaður um lögleysu. Ef hann krefðist þess að farið yrði að lögum þá yrði konan að borga fyrir það sem hún gerði með lífi sínu. Jesús bregst við meistaralega. Hann hlýðir lögnum og heldur uppi spegli frammi fyrir ákærendunum og segir: „Sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana!“ Öldungarnir halda á brott, einn af öðrum. Þeim finnst að þeir hafi verið teknir í bólinu því að vita að þeir hafa líka brotið lög in óteljandi sinnum.

Jesús er einn eftir með konunni. Enginn af leiðtogum Gyðinga hafði sakfellt hana. Nú stendur Jesús upp og snýr sér að henni. Hann sýnir henni kjarna Guðs – óendanlega miskunn: „Ég sakfelli þig ekki heldur!“ Vegna mikillar náðar öðlast líf hennar annað tækifæri.

Andstæðingar Jósefs – sem var ungur listamaður – höfðu farið illa með hann. Þeir höfðu dreift fölskum fullyrðingum og látið hann birtast í slæmu ljósi. Aftur og aftur, þegar svona erfiðar aðstæður komu upp, dró hann sig í hlé – oft úti í náttúrunni og þagði lengi. Hann vildi ekki láta hið neikvæða afmarka sig og eitra til að geta haldið áfram að lifa í samfélaginu. Þegar hann var spurður um „stefnu sína“ sagði hann: „Ég þarf mikinn tíma með sjálfum mér til að vinna mig í gegnum hið illa undir augliti Guðs. Þá öðlast ég frelsi. Það ræður ekki yfir mér lengur. Allt er komið í lag aftur og ég þarf ekki að dæma neinn lengur!“ Þeir sem vilja gera lífið mögulegt og finna raunverulegt líf munu finna góð ráð í þessu: „Sakfellið ekki!“ – „Don't judge!“

fyrir go4peace Team

Meinolf Wacker